

Nd.

341. Breytingartillögur

[54. mál]

við frv. til lyfsöslulaga.

Frá Jóni Skaftasyni.

1. Við 7. gr. 1. málgr. orðist svo:

Leyfi til að reka lyfjabúð (lyfsösluleyfi) má veita einstaklingum, sveitarfélögum, sjúkrasamlögum, félögum svo og Háskóla Íslands. Leyfishafa er skylt að hlíta ákvæðum laga og stjórnvaldsreglna, svo sem þau eru á hverjum tíma, um réttarstöðu hans og starfshætti, þ. á m. um búnað, fyrirkomulag og rekstur lyfjabúða.

2. Við 9. gr.

a. 3. másl. næstsíðustu málgr. orðist svo:

Forstöðumaður félagsrekinna lyfjabúða skal fullnægja ákvæðum 1. málgr. (tölul. 1—6), og ber að auglýsa stöðu hans skv. ákvæðum 7. gr., og skal ráðherra samþykkja ráðningu hans að fenginni umsögn skv. 3. málgr. 7. gr.

b. Síðasta málgr. greinarinnar orðist svo:

Áður en leyfisbréf er afhent, ber lyfsala að undirrita heit um, að hann muni rækja störf sín af kostgæfni og samvizkusemi og í samræmi við landslög. Gildir þetta einnig um forstöðumann lyfjabúðar, sem rekin er af sveitarfélagi, sjúkrasamlagi, félagi eða af Háskóla Íslands, svo og um forstöðumann lyfjaútibús, sbr. 43. gr., og um forstöðumann lyfjagerðar, sbr. 13. gr. Ráðherra ákveður form ofangreindrar yfirlýsingar.